



Borgarráð

Reykjavík, 19. maí 2026  
MSS26030117

## Tillögur vegna aðalfundar Þjóðarhallarinnar ehf.2026

Boðað hefur verið til aðalfundar Þjóðarhallar ehf. í samræmi við 9. gr. stofnsamþykktta félagsins, þann 3. júní 2026 kl. 15.00 að Suðurlandsbraut 10, 2. hæð. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Dagskrá aðalfundarins er eftirfarandi:

1. Setning aðalfundar.
2. Kosning fundarstjóra og ritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
4. Efnahagsreikningur og rekstrareikningur félagsins fyrir liðið starfsárlagður fram til samþykktar.
5. Ákvörðun hvernig skuli farið með hagnað eða tap.  
*Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar/taps þannig að tap ársins færist á óráðstafað eigið fé.*
6. Tillaga um aukið hlutafé  
*Sjá tillögu nr. 7 um breytingu á samþykkt félagsins.*
7. Tillaga um breytingu á samþykkt félagsins  
*Stjórnin leggur til eftirfarandi tillögu um breytingu á 3. gr. samþykktta félagsins.*  
*Ný 3. gr. verði eftirfarandi:*  
*Hlutafé félagsins er að nafnvirði kr. 4.160.000.000–(4.16 milljarðar króna).*  
*Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé, samtals um allt að kr. 15.240.000.000 að nafnvirði og tekur hækkunin mið af framkvæmdakostnaði við byggingu þjóðarhallar án tillit til verðbóta.*  
*Hluthafar hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar.*  
*Hlutafé félagsins eftir hækkun verður 19.4 milljarðar króna, verði heimild til hækkunar hlutafjár að fullu nýtt. Stjórn félagsins skal árlega leggja fram ádráttaráætlun hlutafjárukningar á aðalfundi félagsins fyrir komandi ár.*  
*Tillaga um árlega aukningu á hlutafé skal lögð fyrir hluthafafund ár hvert.*  
*Framangreind heimild stjórnar Þjóðarhallar ehf rennur út 31. desember 2030.*  
*Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið að fullu nýtt.*  
*Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þar af. Hlutir skulu hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut.*  
*Hlutafé veita hluthafa full réttindi sem samþykktir þessar og lög um einkahlutafélög mæla fyrir um.*  
*Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. Ríkissjóðs Íslands fer með 55% eignarhluta og borgarstjóri f.h. Reykjavíkurborg fer með 45% eignarhlut og skulu aðilar greiða inn hlutafé í samræmi við eignarhlutföll sín.*



Reykjavík



*Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða að hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins.*

8.Kosning stjórnar.

9.Kosning endurskoðanda.

*Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1.mgr. 4.gr.laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.*

10.Ákvörðun um laun stjórnar á komandi starfsári.

Lagt er til að stjórnarlaun verði 114.000 kr á mánuði, en stjórnarformaður fái tvöfalda þá fjárhæð.

11.Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur nr. 4, 5, 6, 7, 9 og 10.

Varðandi tillögu undir dagskrárlið nr. 8 um kosningu stjórnar að þá leggur tilnefninganefnd borgarráðs til að fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Þjóðarhallarinnar ehf. verði óbreyttir á þann hátt að Ómar Einarsson og Ólöf Örvarsdóttir verði áfram aðalmenn.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Þjóðarhallar ehf. sem haldinn verður 3. júní 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

**Hjálagt:**

- 1.Fundaboð Þjóðarhallar ehf.
- 2.Samþykktir Þjóðarhallar ehf.
- 3.Tillögur stjórnar fyrir aðalfundinn
- 4.Ársreikningur Þjóðarhallar ehf. 2025
- 5.Tillaga um breytingar á samþykktum



Reykjavík

## Aðalfundur ÞJÓÐARHALLAR EHF

Verður haldinn miðvikudaginn 3.júní 2026 kl. 15.00 að Suðurlandsbraut 10,2 hæð

Samkvæmt samþykktum félagsins skal boða til aðalfundar með minnst 7 daga fyrirvara fyrir lok júní.

Í 10 gr samþykkt félagsins segir: Hluthafi getur með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið skal vera skriflegt og dagsett.

Í 13. gr samþykkt félagsins segir: Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Hvor hluthafi tilnefnir tvo stjórnarmenn og einn varamann. Í aðdraganda aðalfundar skulu hluthafar komast saman um tilnefningu oddamanns sem jafnframt er formaður stjórnar. Náist slíkt samkomulag ekki skal hann tilnefndur af ráðherra, sem fer með eignamál ríkisins. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Dagskrá aðalfundar :

1. Setning aðalfundar.
2. Kosning fundarstjóra og ritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
4. Efnahagsreikningur og rekstrareikningur félagsins fyrir liðið starfsáragður fram til samþykktar.
5. Ákvörðun hvernig skuli farið með hagnað eða tap.
6. Tillaga um aukið hlutafé  
Stjórn
7. Tillaga um breytingu á samþykkt félagsins
8. Kosning stjórnar.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Ákvörðun um laun stjórnar á komandi starfsári.
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Reykjavík 18.maí . 2026

f.h stjórnar Þjóðarhallar ehf

Thomas Möller

## Hlutfé félagsins, fyrirvar o.fl.

### 3. gr.

Hlutfé félagsins er að nafnvirði kr. 4.160.000.000–(4.16 milljarðar króna)

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé, samtals um allt að kr. 15.240.000.000 að nafnvirði og tekur hækkunin mið af framkvæmdakostnaði við byggingu Þjóðarhallar án tillit til verðbóta.

Hluthafar hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar.

Hlutfé félagsins eftir hækkun verður 19.4 milljarðar króna, verði heimild til hækkunar hlutfjár að fullu nýtt. Stjórn félagsins skal árlega leggja fram ádráttaráætlun hlutfjárauðningar á aðalfundi félagsins fyrir komandi ár.

Tillaga um árlega aukningu á hlutfé skal lögð fyrir hluthafafund ár hvert.

Framangreind heimild stjórnar Þjóðarhallar ehf rennur út 31. desember 2030.

Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið að fullu nýtt.

Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þar af. Hlutir skulu hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut.

Hlutfé veita hluthafa full réttindi sem samþykktir þessar og lög um einkahlutfélög mæla fyrir um.

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. Ríkissjóðs Íslands fer með 55% eignarhluta og borgarstjóri f.h. Reykjavíkurborg fer með 45% eignarhlut og skulu aðilar greiða inn hlutfé í samræmi við eignarhlutföll sín.

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða að hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins.

Tillaga fyrir aðalfund Þjóðarhallar ehf 3.júní 2026

Stjórn Þjóðarhallar ehf. samþykkir að leggja til við aðalfund félagsins 3. júní 2026 að hlutfé Þjóðarhallar ehf. verði aukið um 1.900.000.000 kr. þannig að það verði 4.160.000.000 kr. eftir hækkunina. Jafnframt að stjórn Þjóðarhallar ehf. verði veitt heimild til að auka hlutfé Þjóðarhallar ehf. um allt að 15.240.000.000 kr. á árunum 2027-2030 til samræmis við framlög eigenda til framkvæmda við þjóðarhöll. Hlutfé félagsins eftir hækkun verður 19.400.000.000 kr. verði heimild til hækkunar hlutfjár að fullu nýtt. Eigendur skulu greiða inn hlutfé til samræmis við eignarhlut sinn. Greiðslur á hlutfé verði árlega í samræmi við framvindu verkefnisins.

Tillaga um árlega aukningu á hlutfé á árunum 2027-2030 skal lögð fyrir hluthafafund ár hvert.

Jafnframt er lagt til að samþykktum félagsins verði breytt til samræmis við þetta.

**Þjóðarhöll ehf.**

**Ársreikningur 2025**

**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðenda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Reikningskilaaðferðir .....	7
Skýringar .....	8

Þjóðarhöll ehf.  
Kennitala 460324-0840  
Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi að byggingu þjóðarhallar í Laugardal í Reykjavík í samræmi við þann fjárhagsramma sem félaginu er markaður.

### Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

### Jöfnun taps

Stjórnin gerir ekki tillögu um arðgreiðslu en vísar að öðru til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

### Eignaraðild


Hluthafar félagsins í upphafi og lok árs:

Hluthafar	Nafnverð	Hludt.%
Reykjavíkurborg .....	4.500.000	45,0%
Ríkissjóður Íslands .....	5.500.000	55,0%
Útgefið hlutafé .....	10.000.000	100,0%

Stjórn Þjóðarhallar ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2026.

Stjórn:


  
 Thomas Kjeller
   
 Ómarinnarsson
   
 Halldóra Elín Ólafsdóttir
   
 Þólf Órvanddóttir
   
 Högnir Haraldsson

## Áritun endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa Þjóðarhallar ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Þjóðarhöll ehf. vegna ársins 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Þjóðarhöll ehf. við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar að leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík, 30. mars 2026.



Jón G. Hjálmarsson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		18.390.000	8.422.536
Rekstrargjöld .....		102.674.451	0
		<u>121.064.451</u>	<u>8.422.536</u>
<b>Rekstrartap</b>		(121.064.451)	(8.422.536)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		131.888	0
Vaxtagjöld .....		(4.374)	0
		<u>127.514</u>	<u>0</u>
<b>Tap ársins</b>		<u>(120.936.937)</u>	<u>(8.422.536)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eignir</b>	<b>Skýr</b>	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Lóð .....	1	2.061.000.000	0
		<u>2.061.000.000</u>	<u>0</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur á tengd félög .....		0	10.000.000
Aðrar skammtímakröfur .....		29.016	0
Handbært fé .....		72.042.461	0
		<u>72.071.477</u>	<u>10.000.000</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>2.133.071.477</u></u>	<u><u>10.000.000</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>Eigið fé</b>			
2			
Hlutafé .....		10.000.000	10.000.000
Ójafnað tap .....		(129.359.473)	(8.422.536)
		<u>(119.359.473)</u>	<u>1.577.464</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við tengda aðila .....		2.250.000.000	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.430.950	8.422.536
		<u>2.252.430.950</u>	<u>8.422.536</u>
<b>Skuldir samtals</b>		2.252.430.950	8.422.536
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>2.133.071.477</u></u>	<u><u>10.000.000</u></u>

## Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá (til) rekstri:			
Tap ársins .....		(120.936.937)	(8.422.536)
Hreint veltufé frá (til) rekstri samtals .....		<u>(120.936.937)</u>	<u>(8.422.536)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		(29.016)	0
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>(5.991.586)</u>	<u>8.422.536</u>
		<u>(6.020.602)</u>	<u>8.422.536</u>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<u>(126.957.539)</u>	<u>0</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð fastafjármuna .....	1	(2.061.000.000)	0
		<u>(2.061.000.000)</u>	<u>0</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Innborgað hlutafé .....		0	10.000.000
Tengdir aðilar, breyting .....		<u>2.260.000.000</u>	<u>(10.000.000)</u>
		2.260.000.000	0
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		72.042.461	0
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>72.042.461</u></u>	<u><u>0</u></u>

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Rekstrarreikningur

#### Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

### Efnahagsreikningur

#### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Lóð ..... 0%

Þegar bókfært verð eigna er hærra en matsvirði þeirra, eru eignirnar færðar niður í matsvirði.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, bundnum og óbundnum bankainnistæðum.

## Skýringar

### 1. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Lóð	Samtals
Keypt á árinu.....	2.061.000.000	2.061.000.000
Heildarverð 31/12.....	<u>2.061.000.000</u>	<u>2.061.000.000</u>
Afskrift ársins.....	0	0
Afskrifað 31/12.....	<u>0</u>	<u>0</u>
Bókfært verð 31/12 2025.....	<u>2.061.000.000</u>	<u>2.061.000.000</u>

### 2. Eigið fé

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1/1 2025.....	10.000.000	(8.422.536)	1.577.464
Tap ársins.....		(120.936.937)	(120.936.937)
Eigið fé 31/12 2025.....	<u>10.000.000</u>	<u>(129.359.473)</u>	<u>(119.359.473)</u>

## Aðalfundur Þjóðarhallarinnar ehf

Tillögur stjórnar

Tillögur stjórnar til aðalfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 3.júní 2026 kl.15.00 að Suðurlandsbraut 10

Tillaga um endurskoðanda.

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1.mgr. 4.gr.laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar:

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar/taps þannig að tap ársins færist á óráðstafað eigið fé.

Tillaga um greiðslur til stjórnarmanna:

Lagt er til að stjórnarlaun verði 114.000 kr á mánuði, en stjórnarformaður fái tvöfalda þá fjárhæð.

Tillaga um aukningu á hluta fé ,sbr fsk

Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins ,sbr fsk.

f.h. stjórnar Þjóðarhallarinnar ehf

Thomas Möller

stjórnarformaður